

FORSETA ÚRSKURÐUR

um sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og sendiræðisskrifstofur.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskráinnar,
forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,
gjöra kunnugt:

Samkvæmt tillögu utanríkisráðherra og með vísan til 4. gr. laga nr. 39/1971 um utanríkis-þjónustu Íslands eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. a. Sendiráð skulu vera í Berlín, Brussel, Helsinki, Kampala, Kaupmannahöfn, Lilongwe, London, Mapútó, Moskva, Nýju-Delhi, Ottawa, Ósló, París, Peking, Stokkhólmi, Tókýó, Vín, Washington og Windhoek. Sendiráðin í Brussel, London, Ósló, París og Vín skulu jafnframt gegna hlutverki fastanefnda gagnvart nánar tilteknunum alþjóðastofnunum.
b. Fastanefndir skulu vera í Brussel, Genf og New York. Fastanefndirnar í Genf og New York skulu jafnframt gegna hlutverki sendiráðs gagnvart nánar tilteknunum ríkjum.
c. Aðalræðisskrifstofur skulu vera í New York, Winnipeg og Þórshöfn.
2. Umdæmi sendiráða skulu vera sem hér segir:
 - a. **Berlín.** Auk Þýskalands skal umdæmi sendiráðsins vera Króatía, Pólland, Serbía og Svartfjallaland.
 - b. **Brussel.** Auk Belgíu skal umdæmi sendiráðsins vera Holland, Lúxemborg, San Marínó og Sviss. Sendiráðið skal jafnframt fara með fyrirsvar gagnvart Evrópusambandinu (ESB/EU). Sendiráðið skal enn fremur gegna hlutverki fastanefndar gagnvart Vestur-Evrópusambandinu (VES/WEU).
 - c. **Helsinki.** Auk Finnlands skal umdæmi sendiráðsins vera Eistland, Lettland, Litháen, Páfagarður og Úkraína.
 - d. **Kampala.** Umdæmi sendiráðsins skal vera Úganda. Sendiherra Íslands gagnvart Úganda skal sitja í Reykjavík.
 - e. **Kaupmannahöfn.** Auk Danmerkur skal umdæmi sendiráðsins vera Búlgaría, Rúmenía og Tyrkland.
 - f. **Lilongwe.** Umdæmi sendiráðsins skal vera Malaví. Sendiherra Íslands gagnvart Malaví skal sitja í Reykjavík.
 - g. **London.** Auk Bretlands skal umdæmi sendiráðsins vera Írland, Jórdanía, Katar, Malta, Nígería, Portúgal og Sameinuðu arabísku furstadæmin. Sendiráðið skal gegna hlutverki fastanefndar gagnvart Alþjóðasiglingamálastofnuninni (IMO).
 - h. **Mapútó.** Umdæmi sendiráðsins skal vera Mósambík. Sendiherra Íslands gagnvart Mósambík skal sitja í Reykjavík.
 - i. **Moskva.** Auk Rússlands skal umdæmi sendiráðsins vera Armenía, Aserbaídsjan, Hvítá-Rússland, Kasakstan, Kirgistan, Moldóva, Tadsjikistan, Túrkmenistan og Úsbekistan.
 - j. **Nýja-Delhi.** Auk Indlands skal umdæmi sendiráðsins vera Bangladess, Malasía, Maldíveyjar, Máritíus, Nepal, Seychelleseyjar, Singapúr, Srí Lanka og Suður-Afríka.
 - k. **Ottawa.** Auk Kanada skal umdæmi sendiráðsins vera Bólivía, Ekvador, Hondúras, Kólumbía, Panama, Perú, Úrvígvæ og Venesúela.

1. **Ósló.** Auk Noregs skal umdæmi sendiráðsins vera Egyptaland, Eþíópía, Grikkland og Ísrael. Sendiráðið skal gegna hlutverki fastanefndar gagnvart Afríkusambandinu í Addis Ababa.
 - m. **París.** Auk Frakklands skal umdæmi sendiráðsins vera Alsír, Andorra, Djibútí, Ítalía, Líbanon, Marokkó, Spánn og Túnis. Sendiráðið skal gegna hlutverki fastanefndar gagnvart Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnuninni (OECD) í París, Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) í París og Evrópuráðinu í Strassborg.
 - n. **Peking.** Auk Alþýðulýðveldisins Kína skal umdæmi sendiráðsins vera Alþýðulýðveldið Kórea, Ástralía, Kambódía, Laos, Lýðveldið Kórea, Mongólía, Nýja-Sjáland, Taíland og Víetnam.
 - o. **Stokkhólmur.** Auk Svíþjóðar skal umdæmi sendiráðsins vera Albanía, Kúveit, Kýpur og Sýrland.
 - p. **Tókýó.** Auk Japans skal umdæmi sendiráðsins vera Austur-Tímor, Brúnei Darússalam, Filippseyjar, Indónesía og Papúa Nýja-Gínea.
 - q. **Vín.** Auk Austurríkis skal umdæmi sendiráðsins vera Bosnía og Hersegóvína, Makedónía (fyrrum Sambandslýðveldi Júgóslavíu), Slóvakía, Slóvenía, Tékkland og Ungverjaland. Sendiráðið skal gegna hlutverki fastanefndar gagnvart Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE/OSCE), skrifstofu Sameinuðu þjóðanna í Vín (UNOV), Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni (IAEA) og skrifstofu undirbúningsnefndar sammningsins um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn (CTBTO).
 - r. **Washington.** Auk Bandaríkjanna skal umdæmi sendiráðsins vera Argentína, Brasilía, Chile, El Salvador, Gvatemala og Mexíkó.
 - s. **Windhoek.** Umdæmi sendiráðsins skal vera Namibía. Sendiherra Íslands gagnvart Namibíu skal sitja í Reykjavík.
3. Fyrirsvar fastanefnda skal vera sem hér segir:
 - a. **Brussel.** Fastanefndin skal fara með fyrirsvar gagnvart Atlantshafsbandalaginu (NATO) og stofnunum tengdum því.
 - b. **Genf.** Auk Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) skal fastanefndin fara með fyrirsvar gagnvart skrifstofu Sameinuðu þjóðanna í Genf, Alþjóðaviðskiptastofnuninni (WTO), Alþjóðafjarskiptasambandinu (ITU), Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO), Alþjóðahugverkastofnuninni (WIPO), Alþjóðaveðurfræðistofnuninni (WMO) og Alþjóðavinnnumálastofnuninni (ILO). Jafnframt skal fastanefndin gegna hlutverki sendiráðs gagnvart Liechtenstein.
 - c. **New York.** Fastanefndin skal fara með fyrirsvar gagnvart Sameinuðu þjóðunum í New York. Jafnframt skal fastanefndin gegna hlutverki sendiráðs gagnvart Antígvu og Barbúdu, Bahamaeyjum, Barbados, Belís, Dóminíku, Dóminíkska lýðveldinu, Grenada, Gvæönu, Haítí, Jamaíku, Kostaríku, Kúbu, Sankti Kitts og Nevis, Sankti Lúsíu, Sankti Vinsent og Grenadíneyjum og Súrinam.
 4. Umdæmi aðalræðisskrifstofa skal vera sem hér segir:
 - a. **New York.** Auk New York fylkis skal umdæmi aðalræðisskrifstofunnar vera fylkin Connecticut, New Jersey og Rhode Island.
 - b. **Winnipeg.** Umdæmi aðalræðisskrifstofunnar skal vera héraðið Manitoba, héraðið Saskatchewan, að undanskilinni borginni Regina, og héraðið Alberta, að undanskildum borgunum Calgary og Edmonton.
 - c. **Pórshöfn.** Umdæmi aðalræðisskrifstofunnar skal vera Færeýjar.

Nr. 6

20. janúar 2010

5. Utanríkisráðuneytið fer með fyrirvar gagnvart öðrum alþjóðastofnunum og ríkjum sem Ísland hefur stjórnmálasamband við, m.a. með skipun sendiherra með búsetu í Reykjavík eftir því sem ástæða er til.
6. Fulltrúi Íslands gagnvart palestínskum stjórnvöldum skal skipaður af utanríkisráðherra.

Úrskurður þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi forsetaúrskurður nr. 90 frá 28. mars 2007.

Gjört í Reykjavík, 20. janúar 2010.

Jóhanna Sigurðardóttir. **Ásta R. Jóhannesdóttir.** **Ingibjörg Benediktsdóttir.**
(L. S.)

Össur Skarphéðinsson.

A-deild – Útgáfud.: 22. janúar 2010